

Lánstíminn skal vera allt að 20 árum.

Ársvextir skulu vera 9%, þar í innifalið $\frac{1}{2}\%$ kostnaðartillag til varasjóðs.

Lánin eru greidd í bankavaxtabréfum, sbr. 1. gr.

6. gr.

Að öðru leyti gilda almenn ákvæði laga nr. 115 7. nóvember 1941 um Búnaðarbanka Íslands, III. kafli 13. til 30. gr. og fyrirmæli um veðdeild bankans frá 30. apríl 1930, að því er snertir lánaflokk þennan.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 115 7. nóvember 1941, um Búnaðarbanka Íslands, og lögum nr. 31 25. apríl 1969 og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð frá 9. júlí 1969, um 6. flokk veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. september 1969.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 232.

18. september 1969.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1969.

Samkvæmt tillögum Fiskifélags Íslands hefur sjávarútvegsmálaráðuneytið ákveðið eftirgreindar breytingar á reglum þeim, sem settar voru 12. júní s. l. með auglýsingu um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1969.

Bátum innan lögmætra stærðartakmarka, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á Norðurlandi og leyfi hafa fengið til dragnótaveiða, eru heimilar dragnótaveiðar á svæði frá línu, sem dregin er réttvísandi norður úr Hornbjargi austur um að línu, sem dregin er réttvísandi norðaustur úr Font á Langanesi með sömu takmörkunum og áður hafa verið ákveðnar. Þó eru dragnótaveiðar óheimilar í Skagafirði innan línu, er hugsast dregin úr Hegranestá í Fagranes á Reykjaströnd.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 18. september 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. E. Briem.

Nr. 233.

17. september 1969.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Seltjarnarneshrepps.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Seltjarnarneshrepps, með eftirfarandi fyrirvörum hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps:

1. Breidd gatna og tilhögun gatnamóta eru ekki sýnd í deiliatriðum og þar af leiðandi ekki í réttum mælikvarða.

2. Fyrirvari er gerður um legu Suðurbrautar á móts við Bakkatjörn.
3. Hreppsnefnd áskilur sér fyrirvara að því er tekur til einfaldrar húsaraðar ofan Skólabrautar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd með fyrrgreindum fyrirvörum og af skipu-
lagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 17. september 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 234.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs Íslands 1968.

Rekstrarreikningur sameignardeildar 1. jan. til 31. des. 1968.

Tekjur:

1. Framlag ríkissjóðs	kr. 2 000 000.00	
2. Framlag sveitarfélaga (25%)	— 499 800.00	
3. Vextir	— 515 763.24	
4. Lántökugjöld A-lán	— 22 700.00	
5. Húsaleigutekjur	— 261 120.00	
		kr. 3 299 383.24
Rekstrarhalli 1968		— 3 704 034.39
		<hr/> Kr. 7 003 417.63

Gjöld:

1. Sameiginlegur kostnaður	kr. 667 942.55
2. Sérkostnaður	— 96 705.45
3. Rekstur fasteignar	— 103 922.13
4. Vextir	— 286 825.00
5. Styrkir, eftirgefin lán og vextir	— 5 845 190.50
6. Afskriftir	— 2 832.00
	<hr/> Kr. 7 003 417.63

Efnahagsreikningur sameignardeildar pr. 31. des. 1968.

Eignir:

1. Hlaupareikningsinnstæða	kr. 2 264 376.46
2. Sparisjóðsinnstæða	— 5 676.60
3. Skuldunautar	— 358 395.00
4. Skudabréfaeign	— 17 145 551.37
5. Innbú og lausafé	— 224 810.71
6. Fasteign, Laugavegur 105, 8.3%	— 192 228.00
	<hr/> Kr. 20 191 038.14